

Skýrsla formanns

Komið þið sæl,

Skýrsla formanns verður með óhefðbundnu sniði að þessu sinni þar sem við vorum tvö sem gegndum embætti formanns síðasta starfsárið.

Ég vil byrja á að gefa fráfarandi formanni okkar, Karli Ágústi Úlfssyni orðið.

----

Ég þakka Kalla fyrir og ekki bara sína ágætu skýrslu heldur líka sín margvíslegu störf í þágu íslenskra rithöfunda og listamanna og auðvitað sérstaklega síðustu ár sem formaður RSÍ. Og auk þess þakka ég sérstaklega einkar ánægjulegt og ljúft samstarf síðustu fimm ár hér við stjórnarborðið í Gunnarshúsi.

Að því sögðu þá vil ég taka það fram að þótt það hafi verið sjálfsögð skylda mín að taka hér við sem starfandi formaður, fyrst í forföllum, en svo út starfsárið, þá eru það ekki þær aðstæður sem ég hefði kosið til þess að taka við keflinu. Þetta bar brátt að en vegna aðstæðna varð ég bara að standa mig og mína plikt. Sem betur fer eigum við hana Ragnheiði sem leiddi mig áfram og studdi fyrstu skrefin. Við í stjórninni höfum verið fáliðuð þessa síðustu mánuði því við höfðum hafið starfsárið einum færri og eftir að formaðurinn fór í veikindaleyfi vorum við varamannalaus og fá sem gátum gripið þá mörgu bolta sem á lofti voru.

Ég tók við í byrjun desember. Þá vorum við loks að upplifa aftur nokkurn veginn eðlilegt jólabókaflóð eftir heimsfaraldurinn og þetta hús hér farið að iða af lífi. Hér héldum við jólaboð aftur og höfundar stóðu fyrir ýmsum bókmenntaviðburðum, útgáfuhófum, upplestrum og spjallfundum að nýju.

Ég lét það verða eitt mitt fyrsta verk í byrjun árs að gera heiðarlega tilraun til að bæta samskipti okkar við útgefendur, þ.e. félag þeirra FÍBÚT, sem og reyna að koma á einhverju talsambandi við Storytel. Þar innanhúss voru landsstjóráskipti, og reyndar líka hjá FÍBÚT, og þá er stundum hægt að byrja með hreint borð. Við ákváðum það á fyrsta stjórnarfundum ársins að við Sigríður Hagalín Björnsdóttir myndum láta reyna á að hitta formann og varaformann FÍBÚT og sjá hvort við gætum ekki reynt að leggja gamlar erjur til hliðar og tryggja sameiginlegan skilning á því að hagsmunir höfunda og útgefenda þeirra fara oftast saman en þó alls ekki alltaf og að báðir aðilar virði það að hvor samtök um sig eru bæði fagfélög og baráttufélög fyrir okkar hópa. Við komum á fundi um miðjan janúar og hann gekk bara glymjandi vel. Fljótlega lögðum við upp með þá hugmynd að halda saman einhvers konar ráðstefnu eða málþing þar sem við myndum ræða breytt bókmenntalandslag. Slík samkoma hafði reyndar verið fyrirhuguð hjá okkur í RSÍ töluvert lengi en hafði þurft að bíða af sér heimsfaraldurinn. Málþingið var svo loks haldið síðasta þriðjudag og ég mun víkja að því hér síðar. Það var gott fyrir okkur í RSÍ og FÍBÚT að hafa sameiginlegt verkefni til að vinna að sem snérist ekki um þá hluti sem okkur greinir á um, svo sem samninga við þýðendur sem okkur hefur ekki tekist að ljúka, heldur sameiginlega hagsmuni og samskipti við ráðuneyti menningar- og viðskipta. Ég tel að okkur hafi, allavega í bili tekist að kippa þessum málum í

liðinn. Fram undan eru hins vegar samningaviðræður við þýðendur sem þessi félög verða að klára með einhverjum hætti. Það mál og örugglega fleiri bíða lausnar.

Nú, okkur tókst líka að ná nokkuð siðmenntuðum fundi með nýjum framkvæmdastjóra Storytel á Íslandi nú í mars en ég fór ásamt Ragnheiði framkvæmdastjóra okkar til fundar við ráðamenn Storytel á Íslandi þar sem við ræddum m.a. samningamál og óánægju höfunda með litlar tekjur af streymi en fengum líka að heyra sjónarmið þeirra og fræðast um hljóðbókagerð. Í framhaldi af fundinum þáðum við Ragnheiður boð á Íslensku hljóðbókaverðlaunin þar sem Storytel verðlaunar sig og sitt fólk en líka nokkra aðra. Ég er ekki svo einföld að halda að rithöfundar geti einir síns liðs fengið erlend stórfyrirtæki til að breyta viðskipamódeli sínu en ég er sannfærð um að við, ásamt öðrum hagsmunaaðilum, getum skapað þrýsting sem leiði til þess að stjórnvöld setji þessu markaðsráðandi fyrirtæki stólinn fyrir dyrnar. Hvaða leiðir sem við förum í því skiptir máli að geta talað við fólk og eiga greiða leið að því.

Eitt af því sem gerðist í upphafi árs var að stjórn BHM ákvað að samþykkja aðild RSÍ að BHM til bráðabirgða en aðalfundur BHM fer fram nú 25. þessa mánaðar og væntum við þess að þá verði full aðild samþykkt. Það var hér á síðasta aðalfundi að samþykkt var að RSÍ myndi sækja um aðild. Þótt við séum ekki formlega orðið fullgilt aðildarfélag þá veitir bráðabirgðaaðildin félagsfólki okkar heimild til að safna réttindum þar en greiða þarf hlutfall af reiknuðu endurgjaldi í sex mánuði samfleytt til að öðlast full réttindi, t.d. í sjúkrasjóð. Auk þess býðst félagsfólki okkar í BHM að sækja ýmsa viðburði, svo sem námskeið og fræðslufundi í net- og raunheimum. Haldinn var góður og vel sóttur kynningarfundur um aðildina og möguleg réttindi félagsmanna þann 15. mars s.l. Þar var farið yfir það sem okkur stendur til boða innan BHM en einnig hvernig eigi að skrá sig og hvað þurfi að gera. Þar kom m.a. fram að við getum valið hvaða sjóði við viljum greiða í og að ávallt sé hægt að greiða afturvirktt þrjá mánuði. Ég er sjálf einn þeirra félagsmanna sem hefur gengið í BHM í gegnum RSÍ og hef greitt þar félagsgjöld og í sjúkrasjóð frá áramótum. Það þýðir að eftir um einn og hálfan mánuð á ég í fyrsta sinn í tæp tuttugu ár einhver slík réttindi – sem ég vona auðvitað að ekki reyni á. Mér finnst það skipta miklu máli að starfsöryggi okkar sem erum að mestu sjálfstætt starfandi og í ótryggum verkefnum sé eins tryggt og auðið er – sem það verður auðvitað aldrei því störf okkar eru í eðli sínu ótrygg – en það gefur mér engu að síður vissa sálarró að vita að ef ég veikist alvarlega og geti ekki haldið starfi mínu áfram í einhvern tíma eigi ég einhver réttindi og geti sótt í sjúkrasjóð. Ég vil hvetja ykkur öll sem eruð ekki einhvers staðar í fastri vinnu að skoða þetta vel og nýta ykkur aðildina og þá þjónustu sem þar er í boði.

Ég er enn að læra á þennan félagsskap BHM og hvað hann felur í sér fyrir okkur. Þar er mikill áhugi á bæði skapandi greinum og þjónustu við okkur listamenn en líka þjónustu við einyrkja og hvernig hægt sé að sníða þeim öryggisnet sem halda þegar á reynir. Þar er auki er þar verið að sýsla um allskonar hluti eins og vaktaálag, stofnanasamninga á heilbrigðisstofnunum, útfærslum á styttingu vinnuvikunnar og ýmsa aðra hluti sem koma okkar störfum lítið við og ég er enn að læra hvar við þurfum að vera með og láta til okkar taka og hvar ekki.

Í mars sótti framkvæmdastjóri RSÍ fund International Authors Forum í Suður-Afríku. Á þeim tíma voru formannamál hér enn í töluverðri óvissu og ferðalagið auk þess dýrt svo

framkvæmastjóri sótti fundinn einn. Þar voru réttindamál rithöfunda rædd frá ýmsum hliðum en mikil áhersla á stöðu mála í Afríku og hvernig vestrænar þjóðir gætu stutt við réttindabaráttu höfunda þar.

Rithöfundasambandið er í allskonar samstarfi um ýmislegt. Eitt af því sem við komum lítillega að á þessu ári var málþing um rithöfundinn Jón Trausta í febrúar í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá fæðingu hans. Þá hefur RSÍ tekið þátt í árlegri ráðstefnu um barnabókmenntir sem kennd er við Gerðuberg árum saman og svo var einnig nú.

Við höfum líka verið í samstarfi við Gunnarsstofnun um verkefni með Slóvakíu og Noregi sem nefnist Epic Residencies þar sem slóvakískir höfundar koma til Íslands og Noregs og dvelja þar við störf og íslenskir og norskir fara til Slóvakíu. Í tengslum við þetta verkefni voru haldnir viðburðir hér í Gunnarshúsi í vor, sem reyndar voru á netinu líka, fyrir þýðendur og erlenda höfunda hér á landi. Þessir viðburðir voru ákaflega vel sóttir og mikil ánægja með þá. Þeir falla vel að áherslum fráfarandi stjórnar um að bjóða höfunda og þýðendur af erlendum uppruna velkomna hingað í okkar samfélag höfunda. Við viljum og þurfum fleiri raddir í okkar oft einsleita þjóðfélag.

RSÍ er aðili að þýðendaverðlaununum en sjö bækur voru tilnefndar í desember. Verðlaunin voru svo veitt Péttri Gunnarssyni að Gljúfrasteini snemma í vor. Ljóðaverðlaunin Maístjarnan er samstafsverkefni RSÍ og Landsbókasafns – Háskólabókasafns og verður afhent 24. maí n.k. en tilnefningar voru kynntar hér í lok apríl. Sú nýbreytni var tekin upp að lesið var úr tilnefndum bókum í Þjóðarbókhöðunni eina hádegisstund nú í maí. Sá viðburður var ákaflega vel sóttur og lukkaður.

Formaður RSÍ á sæti í stjórn Bandalags íslenskra listamanna og tók ég að mér hlutverk ritara í þeim félagsskap eftir aðalfund þar í vor. Þar er ágætur vettvangur til að vinna að sameiginlegum hagsmunum hinna skapandi stétta en líka mikilvægt að hafa í huga að stundum fara hagsmunir félagsmanna ólíkra félaga ekki saman og að sumum málum er betra að vinna heima í héraði.

Stærsta verkefni þessa árs var þó málþingið sem við höldum í fyrradag og nefndist Bókmenntir á tímamótum: Áskoranir og tækifæri. Við höfundar áttum frumkvæðið og leiddum vagninn en að ráðstefnunni komu líka FÍBÚT og menningar- og viðskiptaráðuneytið. Fulltrúar höfunda, útgefenda og stjórnvalda fluttu erindi og við áttum gott samtal um stöðuna eins og hún er. Samstarf allra aðila um þennan viðburð var afar gott og ég vona að bæði það og viðburðurinn sjálfur verði góð undirstaða undir frekari samvinnu, samræður og aðgerðir í þágu höfunda og bókmenntalífsins í landinu öllu. Málþingið vakti töluverða athygli, m.a. fjölmiðla sem hafa fjallað nokkuð ítarlega um efni þess og þátttakendur.

Fyrir utan fundi um málþingið hafa samskipti við menningar- og viðskiptaráðherra og ráðuneytið einkenst af biðstöðu en við finnum öll að ráðherrann er velviljaður en stýrir því miður ekki fjármálaráðuneytinu. Það þarf því að blása til áframhaldandi sóknar. Samkvæmt þeirri fjármálaáætlun til fimm ára sem nú er til umræðu á Alþingi er gert ráð fyrir töluverðum niðurskurði í menningarmálum og við sjáum að sótt er að þeim víða. Því þarf að standa vaktina áfram og hvergi sofna á verðinum.

Að lokum þá hefur stjórn RSÍ falið mér að flytja skýrslu stjórnar um eftirlit með rétthafagreiðslum. Það eftirlit fól stjórn mér að sinna og því tel ég mig hafa sinnt og get ekki séð neina annmarka á framkvæmd greiðslnanna eða á bókhaldi þeim tengdum. Samkvæmt lögum um sameiginlegar umsýslustofnanir, eins og RSÍ telst vera, þá ber okkur að flytja ykkur þessi tíðindi hér á aðalfundi og hefur það nú verið gjört.

Nú, þau sem mig þekkja vita að ég er ekki gefin fyrir neitt hálfkák og vill hreinar og skýrar línur. Mér fannst ekki þægileg tilhugsun að sitja áfram í eitt ár til viðbótar eftir að félagi minn hér, Karl Ágúst, ákvað að draga sig í hlé sökum aðstæðna. Mér hugnaðist ekki, þótt við hefðum bæði verið kjörin til tveggja ára, að sitja áfram með óljóst umboð frá félagsfólki. Því ákvað ég að segja af mér varaformennsku og þar með sem sitjandi formaður í forföllum frá og með deginum í dag en bjóða mig jafnframt fram til áframhaldandi starfa sem formaður, væri það eindreginn vilji félagsmanna. Eins og flestum hér er sennilega kunnugt fékk ég ekkert mótframboð og mun því gegna stöðu formanns áfram næsta starfsárið en nú með fullt umboð félaga.

Ég þakka fyrir mig.  
Margrét Tryggvadóttir